



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Mat ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum

GREININGARDEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

30. janúar 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstaða ógnarmats	3
Breytingar á ógnarmynd	5
Hryðjuverkaógn í Evrópu.....	6
Hryðjuverkaógn á Norðurlöndum	10
Danmörk	10
Noregur.....	11
Svíþjóð.....	11
Finnland	12
Erlendir vígamenn	13
Óreglulegir fólksflutningar	16
Hryðjuverkaógn á Íslandi	18

Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um hryðjuverkaógn í Evrópu eins og hún er metin í byrjun árs 2017. Sérstaklega er horft til Norðurlanda og mat lagt á mögulega hryðjuverkaógn á Íslandi. Umfjöllunin byggir einkum á upplýsingum frá norrænum samstarfsaðilum greiningardeildar ríkislögreglustjóra og skýrslum Evrópulögreglunnar, Europol, ásamt opnum heimildum.

Árið 2015 sendi greiningardeild frá sér ítarlega skýrslu, *Mat ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum*. Sú skýrsla er að mestu í fullu gildi en líkt og sagt var fyrir um í henni hefur ógnarmyndin í Evrópu tekið nokkrum breytingum.

Í skýrslu greiningardeildar frá 2015 varð niðurstaðan sú að hækka bæri hættustig á Íslandi þannig að það teldist í meðallagi samkvæmt þeim kvarða sem íslenska lögreglan notar. Það mat stendur óbreytt í byrjun árs 2017.

Mat hvað varðar hættu á öðrum stórfelldum ofbeldisverkum, sem ítarlega er lýst í skýrslunni frá 2015 stendur sömuleiðis óbreytt.

Líta ber á skýrslu ársins 2017 með hliðsjón af þeim greiningum, niðurstöðum og tillögum til úrbóta sem skýrslan frá árinu 2015 geymir. Í skýrslu ársins 2017 er athygli þess vegna einkum beint að helstu breytingum á ógnarmati og hryðjuverkastarfsemi í Evrópu á síðustu tveimur árum.

Niðurstaða ógnarmats

- Á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja og greint er frá í skýrslunni er niðurstaða greiningardeildar ríkislögreglustjóra sú að hættustig á Íslandi er metið í meðallagi. Hættustig í meðallagi er skilgreint svo: *Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsmálum.*
- Vesturlöndum stafar mikil og viðvarandi ógn af hryðjuverkasamtökum og einstaklingum og hópum sem þeim tengjast. Evrópulögreglan telur öryggisógnir fara vaxandi í álfunni.
- Á árunum 2015 og 2016 voru framin rúmlega 20 hryðjuverk í Evrópu sem kostuðu hundruð manna lífið en jafnframt liggur fyrir að lögreglu tókst að koma í veg fyrir tugi fyrirhugaðra árása.
- Greiningardeild telur að hryðjuverk sem unnin voru í Evrópu á árunum 2015 og 2016 leiði í ljós breytingu hvað varðar ásetning, skotmörk, aðferðir og getu íslamskra hryðjuverkamanna til að valda miklu manntjóni í borgum í álfunni.

- Á Norðurlöndum er hryðjuverkaógn einkum talin stafa af herskáum íslamistum og yfirvöld hafa vaxandi áhyggjur af ríkisborgurum sem snúa heim eftir að hafa tekið þátt í bardögum og ógnarverkum í Mið-Austurlöndum í nafni hryðjuverkasamtaka, einkum Ríkis íslam (ISIS, ISIL, IS, Daesh).
- Ógnarmyndin á Íslandi er í nokkrum meginatriðum frábrugðin þeirri sem dregin hefur verið upp á Norðurlöndum. Kemur það m.a. til af því að ekki er vitað til þess að Íslendingar hafi gengið til liðs við hryðjuverkasamtök og því er sú ógn sem talin er stafa af heimsnúnum vígamönnum takmörkuð. Önnur Norðurlönd hafa tekið þátt í hernaði gegn hryðjuverkamönnum í Mið-Austurlöndum.
- Samsetning þess hóps sem sækir um alþjóðlega vernd á Íslandi er önnur en á öðrum Norðurlöndum. Þar er flóttafólk frá Mið-Austurlöndum (Sýrlandi, Írak og Afganistan) stærsti hópurinn. Á Íslandi eru flestir þeirra sem leita alþjóðlegrar verndar frá löndum þar sem friður ríkir, einkum Balkan-skaga. Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa á síðustu árum flokkað ríki Balkan-skaga sem örugg ríki og hefur í kjölfarið dregið mjög úr hælissóknnum fólks frá þeim löndum. Kann það að skýra þann mun sem er á þjóðerni hælisleitenda á Íslandi og hinum Norðurlöndunum.
- Árið 2016 komu 1.133 hælisleitendur til Íslands, samkvæmt upplýsingum flugstöðvardeildar lögreglunnar á Suðurnesjum. Af þeim voru um 800 frá löndum Evrópu eða um 70%. Flestir voru frá Makedóníu (467) og Albaníu (236). Á hinum Norðurlöndunum eru fjölmennustu hópar hælisleitenda frá átakasvæðum (Sýrlandi, Írak og Afganistan). Hælisleitendum frá átaka- og spennusvæðum fjölgaði einnig verulega á Íslandi árið 2016. Líklegt er að sú þróun haldi áfram.
- Lögreglu er ekki kunnugt um að á Íslandi hafi myndast hópar eða samfélög sem aðhyllast herskáan íslamisma eða annars konar ofbeldisfulla öfgahyggju. Sú hætta er fyrir hendi á Íslandi sem annars staðar að áróðursmenn hryðjuverkasamtaka reyni að fá fólk til liðs við þau og hvetji til óhæfuverka. Í því samhengi skal bent á að greiningardeild hefur í fyrri skýrslum um mögulega hryðjuverkaógn hér á landi fremur horft til einstaklinga sem sækja innblástur til öfgasamtaka en til skipulagðra hópa.
- Þá er sá möguleiki fyrir hendi að á Íslandi fari fram skipulagning hryðjuverka sem ráðgert er að fremja í öðru ríki.
- Greiningardeild hefur upplýsingar um að frá árinu 2015 hafi komið hingað til lands einstaklingar með tengsl við hryðjuverkasamtök og óskað eftir

alþjóðlegri vernd. Fyrir hendi eru upplýsingar um að Ísland hafi verið notað sem „gegnumstreymisland“ manna frá Norður-Ameríku á leið til og frá þátttöku í bardögum í Mið-Austurlöndum í nafni Ríkis íslam.

- Íslandi og öðrum vestrænum ríkjum stafar ógn af getu hryðjuverkasamtaka til að koma á framfæri áróðursboðskap á internetinu og samfélagsmiðlum í því skyni að hvetja til hryðjuverka. Vitað er um raunveruleg tilvik þess að fólk hafi heillast af málflutningi liðsmanna hryðjuverkasamtaka, oftast en ekki um internetið og hafi í kjölfarið framið ódæðisverk þó svo að viðkomandi hafi ekki tekið þátt í bardögum vígasveita Ríkis íslam eða annarra hryðjuverkasamtaka. Samdóma álit vestrænna öryggisstofnana er að þessi hætta sé mikil og viðvarandi.
- Á Íslandi eru vopn, aðgengileg almenningi, sem nýta má til að framkvæma hryðjuverk og aðrar stórfelldar árásir. Rúmlega 72.000 skotvopn eru löglega skráð. Þá hafa hættuleg heimatilbúin vopn, sprengjur og sprengiefni ýmist fundist eða verið komið í hendur lögreglu.
- Árið 2016 frömdu hryðjuverkamenn tvívegis fjöldamorð í Evrópu án þess að hefðbundnum vopnum væri beitt. Ógnin getur fyrirvaralaust tekið breytingum og gengið þvert á fyrirliggjandi greiningar hvað varðar mynstur, aðferðir og skotmörk.

Breytingar á ógnarmynd

Helstu breytingar á ógnarmyndinni í Evrópu frá skýrslunni 2015 eru að mati greiningardeildar af þrennum toga:

- Í fyrsta lagi hafa á síðustu tveimur árum verið framin stórfelld hryðjuverk í Evrópu sem kostað hafa hundruð manna lífið auk þess sem fjöldi óbreyttra borgara hefur særst og örkumlast.
- Í öðru lagi hefur staðan á áttakasvæðum í Mið-Austurlöndum breyst; ISIS-hryðjuverkasamtökin eru í vörn á öllum vígstöðvum í Sírylandi og Írak og hafa tapað yfirráðum yfir stóru landsvæði. Þetta hefur haft í för með sér að dregið hefur stórlega úr þeim fjölda manna sem ferðast til Mið-Austurlanda í því skyni að berjast í nafni ISIS (e. „foreign fighters, ítarlega er fjallað um erlenda vígamenn í skýrslu greiningardeildar frá 2015). Tiltækar heimildir benda til að umsnúningur hafi orðið á streymi erlendra vígamanna til Mið-Austurlanda og nú leggi einhverjir þeirra kapp á að komast frá áttakasvæðunum og aftur til fyrri heimkynna í Evrópu. Einnig leita íslamskir vígamenn í auknum mæli til Líbýu og óttast vestrænir sérfræðingar að Líbýa komi í stað Sírylands sem eins konar

„miðstöð“ ISIS-samtakanna með tilheyrandi öryggisógn gagnvart ríkjum Evrópu.

- Loks hafa átökin í Sírlandi/Írak kallað fram fordæmalausán flóttamannastraum til Evrópu. Vestrænar löggæslustofnanir telja almennt að áhætta kunni að vera fólgin í þeim fólksflutningum. Bent er á þann möguleika að íslömsk hryðjuverkasamtök nýti sér veikleika á landamærum sem skapast af því mikla álagi sem þessum fólksflutningum fylgir og freisti þess að senda liðsmenn sína til að fremja ódæði í Evrópu. Staðfest eru nokkur dæmi þessa. Jafnframt þykir ástæða til að óttast að íslamskir öfgamenn beini áróðri sínum sérstaklega að súnni-múslimum frá Sírlandi sem fengið hafa skjól í Evrópu í þeim tilgangi að gera þá halla undir hugmyndafræði hryðjuverkasamtaka og hvetja þá til ódæðisverka.

Hér á eftir verður fjallað nánar um hvern þessara liða.

Hryðjuverkaógn í Evrópu

Aðildarríki Evrópusambandsins og þar með Evrópulögreglan skilgreina hryðjuverkastarfsemi (e. terrorism) sem glæpsamlega verknaði sem miða að því að ógna samfélögum, þvinga ríki til að verða við kröfum gerenda og/eða grafa undan pólitískum, stjórnskipunarlegum, efnahagslegum og félagslegum grundvallarþáttum ríkis eða alþjóðastofnunar.

Í nýjustu hryðjuverkaskýrslu Evrópulögreglunnar sem gefin var út sumarið 2016 og nefnist TE-SAT 2016 (e. European Union Terrorism Situation and Trend Report 2016) segir að almennt hafi öryggisógnir farið vaxandi í ríkjum Evrópusambandsins (ESB) á síðustu árum og að ekkert lát sé á þeirri þróun. Hryðjuverkaárásir í París í janúar og nóvember árið 2015 leiði í ljós grundvallarbreytingu hvað varðar ásetning og getu íslamskra hryðjuverkamanna með tilliti til þess að valda sem mestum mannskaða í þéttbýli. Til marks um hversu margþætt ógnin er nú um stundir nefnir Evrópulögreglan einnig mun umfangsminni árásir í Kaupmannahöfn og Nice í febrúar árið 2015.

Sumarið 2016 var önnur og mun umfangsmeiri árás framin í Nice þegar hryðjuverkamaður myrti 84 óbreytta borgara með því að aka flutningabíl inn í mannfjölda sem safnast hafði saman á þjóðhátíðardegi Frakka. Fjórum mánuðum áður höfðu hryðjuverkamenn drepið 32 óbreytta borgara í sjálfsmorðsárásum í Brussel. Íslamskir öfgamenn létu einnig ítrekað til sín taka í Þýskalandi á árinu 2016 og myrtu hið minnsta 22 óbreytta borgara í þeim árásum, nú síðast í Berlín 19. desember þegar hryðjuverkamaður frá Túnis sem neitað hafði verið um hæli í Þýskalandi, fór að dæmi þess sem framdi ódæðið í Suður-Frakklandi og ók stolnum

flutningabíl inn í hóp af fólki við jólamarkað í þýsku höfuðborginni. Þar týndu 12 manns lífi. Tyrkland hefur ítrekað galdið fyrir viðleitni sína í baráttu gegn ISIS, síðast um áramót 2016 þegar meintur liðsmaður samtakanna myrti 39 og særði 69 manns í skotárás á skemmtistað.

Alls voru á árunum 2015 og 2016 framin samkvæmt upplýsingum greiningardeildar rúmlega 20 hryðjuverk í Evrópu. Þau voru misjöfn að umfangi, en auk mannfallsins sem hér hefur verið tíundað særðust rúmlega 1.000 manns í árasum hryðjuverkamanna á þessum árum. Greiningardeild er kunnugt um að í 35 tilvikum hið minnsta hafi tekist að koma í veg fyrir árásir hryðjuverkamanna í álfunni.

Árin 2015 og 2016 voru flest hryðjuverk í Evrópu framin í nafni Ríkis íslam (IS, ISIS, ISIL, Daesh). Það er mat vestrænna öryggisstofnana að mesta ógnin stafi af hryðjuverkahópum eða einstaklingum sem ýmist fylgja beinum fyrirmælum Ríkis íslam um að fremja árásir, hafa fengið hvatningu og/eða leiðsögn samtakanna eða telja sig til stuðningsmanna við málstaðinn. Einstaklingar þessara þriggja hópa hafa ekki nauðsynlega haldið til Mið-Austurlanda í því skyni að taka þátt í bardögum þar.

Evrópulögreglan vísar til þess að Ríki íslam hafi margoft á síðustu misserum hótað frekari óhæfuverkum í Evrópu og tiltekið sérstaklega Íberíu-skaga, Ítalíu, Frakkland, Belgíu og Bretland. Almenn er litið svo á að alvarleg hryðjuverkaógn sé fyrir hendi í öllum þeim ríkjum sem taka þátt í hernaðaraðgerðum gegn Ríki íslam í Sýrlandi og Írak þar með töldum Bandaríkjunum og Tyrklandi.

Það er álit Evrópulögreglunnar að alvarleg hættu sé á að hópar og einstaklingar á vegum ISIS eða hollir samtökunum gangist í nánustu framtíð fyrir sjálfsmorðsárásum á borð við þær sem framdar voru í Brussel og París. Sú ógn er talin eiga við öll ríki Evrópusambandsins.

Jafnframt er talin hættu á að framdar verði árásir í Evrópu að undirlagi ISIS til þess að veikja stöðu sýrlenskra flóttamanna í álfunni í því skyni að knýja ríkisstjórnir til að taka upp breytta stefnu gagnvart flóttafólki.

Líklegast þykir að beitt verði sömu aðferðum og í Belgíu og Frakklandi. Þetta kemur til af því að auðvelt er að útvega þau vopn, sprengiefni og -búnað sem þar var beitt auk þess sem ekki leikur vafi á að valda má miklu manntjóni með því móti. Þá hafa komið fram nýjar árársaðferðir eins og vikið verður að síðar.

Fari svo, eins og líkur benda til, að ISIS fari halloka í Sýrlandi og Írak eða verulega dragi úr mætti hryðjuverkasamtakanna þykir sýnt að erlendir vígamenn og fjölskyldur þeirra muni reyna að snúa aftur til heimalanda sinna í Evrópu eða kjósi að halda til annarra átakasvæða t.d. Líbýu. Þeir vígamenn sem ná að snúa aftur til Evrópu

geti reynst alvarleg öryggisógn. Þar sem um mikinn fjölda manna er að ræða telst þetta umtalsverð og langvarandi öryggisógn.

ISIS eru ekki einu hryðjuverkasamtökin sem búa yfir getu og ásetningi til að fremja hryðjuverk í Evrópu eða hvetja til slíka ódæðisverka gegn Vesturlöndum. Einstaklingar og hópar sem fylgja Al-Qaeda og/eða Al-Nusra-samtökunum eða sækja þangað hugmyndafræði sína eru áfram taldir alvarleg ógn í Evrópu og almennt gagnvart vestrænum hagsmunum.

Þótt athygli manna á Vesturlöndum hafi á undanförunum árum beinst að Al-Qaeda og ISIS-samtökunum er hryðjuverkaógnin ekki einvörðungu bundin við þau. Slík samtök geta náð miklum styrk og fylgi um tíma en síðan veikst af ýmsum innri og ytri ástæðum. Hins vegar helst hinn hugmyndafræðilegi grundvöllur sem ógn gagnvart umheiminum og er þannig ein helsta forsenda fyrir myndun nýrra hryðjuverkasamtaka og -hópa. Ósigur ISIS í Sírylandi og Írak virðist nú aðeins spurning um tíma en líkur eru á að önnur samtök og hópar spretti upp í nafni sömu eða svipaðrar hugmyndafræði innan jafnt sem utan Mið-Austurlanda.

Ríki Evrópusambandsins meta ógn vegna hryðjuverka á mismunandi vegu allt frá lágu hættustigi upp í það hæsta á kvarða viðkomandi ríkis. Þess þekkjast dæmi að lítil ógn sé talin fyrir hendi og á það einkum við um ríki í Mið- og Austur-Evrópu auk Portúgal og Möltu. En alvarleg telst ógnin í löndum Vestur-Evrópu svo sem Frakklandi, Belgíu, Bretlandi, Danmörku og Spáni.

Aðgengi að vopnum í Evrópu er vaxandi áhyggjuefni. Átök í Úkraínu og miklar birgðir vopna á vestanverðum Balkanskaga kunna að verða til þess að aukinn fjöldi vopna lendi á svörtum markaði í álfunni. Hryðjuverkamenn virðast eiga aðgang að efnum og búnaði til sprengjугerðar sem að öllu jöfnu eru framleidd fyrir herafla ríkja.

Jafnframt má greina auknar áhyggjur af því að hryðjuverkasamtök hafi á sínum snærum menn sem reynslu hafa af beitingu efnavopna í átökum í Sírylandi og Írak og flutt geti þá þekkingu með sér til Evrópu. Í þessu efni er einkum horft til erlendra vígamanna sem snúa heim. Í Sírylandi og Írak voru efnavopn framleidd á árum áður og þar reistar geymslur fyrir slíkan búnað. Vera kann að þeim vopnum/eiturefnum til vopnagerðar hafi ekki öllum verið eytt og að þau séu aðgengileg hryðjuverkasamtökum. Hins vegar er það mat Evrópulögreglunnar að líklega geti hryðjuverkamenn tæpast komist yfir efni til slíkrar stríðsvopnagerðar innan Evrópu.

Evrópulögreglan bendir á að hryðjuverkamenn kunni í vaxandi mæli að beina athygli sinni að nýrri gerð skotmarka; mikilvægum innviðum. Hér er átt við að hryðjuverkamenn hafi fram til þessa einkum leitast við að valda miklu manntjóni á Vesturlöndum með árásum á táknræna staði eða samgöngumannvirki en árás í

Frakklandi í júlímánuði 2015 er höfð til marks um að breytingar kunni að vera í aðsigi. Árásin í Frakklandi var gerð á olíuefnaverksmiðju nærri Marseilles í suðurhluta landsins. Hryðjuverkamennirnir komust vandkvæðalaust inn í verksmiðjuna og kveiktu þar í eldfimum efnum sem ollu tveimur stórum sprengingum og miklu tjóni. Mánuði áður hafði hryðjuverkamaður ekið bifreið inn í gasverksmiðju nærri Lyon í Frakklandi og reynt að sprengja hana í loft upp. Þessi tilvik eru til marks um að hryðjuverkahópar og/eða einstaklingar kunni að telja efnaverksmiðjur og annars konar stóriðju eftirsóknarverð skotmörk.

Loks er vert að hafa í huga notkun hryðjuverkasamtaka á internetinu. Hryðjuverkasamtök á borð við ISIS hafa sýnt að þau ráða yfir talsverðri þekkingu og getu á sviði tölvutækni. Jafnframt er þess að geta að hryðjuverkasamtök eða einstaklingar kunna að leita til glæpahópa í því skyni að kaupa af þeim tölvuþjónustu (e. crime as a service). Möguleg sviðsmynd gæti falist í svonefndri „skertri þjónustu með dreifðri netárás“ (e. Distributed Denial of Service attacks – DDoS) í því tilgangi að trufla virkni mikilvægra innviða.

Evrópulögreglan bendir á að möguleg hryðjuverkaógn sé ekki bundin við öfgafulla íslamista. Sökum mikillar fjölgunar flóttafólks í Evrópusambandinu og vaxandi erfiðleika við móttöku þess kunni málefni flóttamanna að verða í brennidepli þjóðfélagsumræðna og fjölmiðlaumfjöllunar um langa hríð. Að auki sé líklegt að pólitískir öfgahópar í einstökum ríkjum ESB muni enn herða á viðleitni sinni til að gera stefnu stjórnvalda í málefnum flóttafólks og hælisleitenda að deiluefni og stuðla að sundrunu í því skyni að nýta umræðuna í eigin þágu.

Evrópulögreglan sér fram á að umræður á samfélagsmiðl muni í vaxandi mæli einkennast af gífuryrðum og hatursorðræðu. Vakin er athygli á að í sumum aðildarríkjum ESB hafi þess orðið vart að borgarar hafi myndað eftirlitshópa sem fara um götur og hverfi. Stjórnvöld í Finnlandi hafi upplýst að í sumum bæjum haldi „Finnnska andspyrnuhreyfingin“ uppi slíku eftirliti og segja hana vera hluta af „Norrænu andspyrnuhreyfingunni“ en svo nefnist samtök skandinavískra þjóðernissósíalista sem starfræki deildir í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

Evrópulögreglan segir að ógnin geti lýst sér í ofbeldisverkum einstaklinga og hópa og nefnir að í framtíðinni kunni líkamsárásur, íkveikjum og alvarlegri verknuðum þ.m.t. morðum að fjölga. Ennfremur kunni einstaklingar, stjórn málaflokkar, fjölmiðlar og mannréttindasamtök sem andmæla málflutningi öfgahópa að verða fórnarlömb hatursáróðurs og hvatningar til ofbeldisverka.

Nokkur nýleg dæmi þess sem Evrópulögreglan gerir að umtalsefni í skýrslu sinni eru þekkt. Í janúar 2017 gekkst þýska lögreglan fyrir viðamiklum aðgerðum í nokkrum sambandslöndum sem beindust gegn hægri-öfgasamtökum sem kalla sig „Reichsbürger“. Að sögn lögreglunnar höfðu samtökin skipulagt árásir gegn

gyðingum, hælisleitendum og lögreglu. Kveikt hefur verið í dvalarstöðum hælisleitenda í nokkrum ríkjum ESB. Ógnin einskorðast vitanlega ekki við ESB og þegar unnið er að frágangi þessarar skýrslu berast þær fréttir frá Quebec í Kanada að þar hafi sex manns verið myrtir í mosku og átta særðir aðfaranótt 30. janúar 2017. Forsætisráðherra Kanada lýsir árásinni sem hryðjuverki.

Hvað mögulegar framtíðarógnir varðar kann nýting tölvutækni að vera sérstakur hvati fyrir hryðjuverkasamtök þar sem hún getur gefið færi á atlögu úr fjarlægð og þar með minnkað áhættu. Evrópulögreglan vekur athygli á þeim möguleika að tölvutækni kunni að gegna mikilvægu hlutverki í hryðjuverkaárásum framtíðarinnar. Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá marsmánuði 2016 er ítarlega fjallað um net- og tölvuglæpi, helstu ógnir á því sviði og mikilvæga innviði. Tækniþróun vekur upp ýmsar spurningar og jafnvel áskoranir á sviði öryggismála. Drón og önnur sjálf- eða fjarstýrð tæki skapa möguleika á nýjum tegundum árása. Þetta á t.a.m. við um sjálfstýrðar/-keyrandi bifreiðar og telja sérfræðingar sumir hverjir að vestræn samfélög þurfi að vera undir það búin að hryðjuverkamenn færi sér þessa nýju tækni í nyt.

Hryðjuverkaógn á Norðurlöndum

Hafa ber í huga að Norðurlöndin hafa lagt af mörkum mannafla og búnað í baráttunni við ISIS-hryðjuverkasamtökin í Sýrlandi og Írak. Líkt og fram kom hér að framan er litið svo á að ríki sem þátt taka í vopnaðri baráttu gegn ISIS séu í meiri hættu en önnur þegar hryðjuverkaógnin er annars vegar.

Danmörk

Mat norrænna löggæslustofnana á öryggisógninni fer í öllum meginatriðum saman við greiningar Evrópulögreglunnar. Í aprílmánuði 2016 birti Miðstöð hryðjuverkagreininga í Danmörku (Center for Terroranalyse, CTA) ógnarmat. Miðstöðin tók til starfa 2007 og hefur á að skipa föstu starfsliði frá leyniþjónustu hersins, öryggisþjónustu lögreglunnar (PET), danska utanríkisráðuneytinu og almannavörnum. Miðstöðin hefur aðgang að upplýsingum frá þessum fjórum stofnunum og heyrir stjórnsýslulega undir PET.

Hættustig í Danmörku er nú metið í fjórða þrepi á fimm stiga kvarða. Í matinu frá 2016 segir að hryðjuverkaógnin í Danmörku teljist áfram alvarleg. Í þessum orðum felist að einstaklingar búi yfir getu og vilja til að fremja hryðjuverk í Danmörku. Slík ógnarverk kunni að verða framin án þess að viðvörðun berist en hættan á því að verða fórnarlamb í hryðjuverkaárásum teljist takmörkuð.

Ógnin stafar einkum af herskáum íslamistum. Helstu áhrifaþættir eru átökin í Sýrlandi og Írak og hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Ríki íslam (ISIS). Áróður samtakanna hafi áhrif á einstaklinga í Danmörku og hvetji þá til hryðjuverka eða að

ferðast til Sírlands/Íraks til að taka þátt í bardögum þar. Að auki geti ISIS-liðar stjórnað árásum gegn Danmörku. Áróður samtakanna og hvatning til hryðjuverka kunni einkum að hafa áhrif á jaðarsett og viðkvæmt ungt fólk.

Það er mat dönsku sérfræðinganna að líklegast sé að einstaklingar eða litlir hópar sem ekki hafa haldið til Íraks/Sírlands gangist fyrir hryðjuverkum í Danmörku sem eru takmörkuð að umfangi. Vera kunni að tengsl við t.a.m. glæpahópa geri ódæðismönnum kleift að gangast fyrir alvarlegri árásum en ella.

Ógnarmyndin er sögð flóknari en áður einkum sökum þess að ISIS hefur reynst fært um að skipuleggja margskonar hryðjuverk á Vesturlöndum. CTA metur það svo að hugsanlegt sé að gerðar verði árásir í Danmörku þar sem tilræðismennirnir eru nokkrir og skotmörkin sömuleiðis. Vakin er athygli á því að einstaklingar frá Danmörku hafi gengið til liðs við ISIS í Sírlandi og Írak og þeir kunni að leggja sitt af mörkum við skipulagningu árása gegn dönskum hagsmunum.

Dregið hafi úr ferðum danskra öfgamanna til átakasvæða í Mið-Austurlöndum. Með því að nýta stolin eða fölsuð skilríki geti hryðjuverkahópar sent menn til Evrópu eftir hefðbundnum leiðum. CTA metur það svo að árásir í tilteknu landi hafi oft verið skipulagðar utan þess.

Noregur

Niðurstöður öryggisþjónustu norsku lögreglunnar (PST) eru um flest samhljóða danska hryðjuverkamatinu. Í skýrslu PST frá 2016 segir að ógnarmyndin sé flókin og margbrotin. Óvissa fari vaxandi og hætta á hryðjuverkum íslamista í landinu sé til staðar. Einstaklingar sem sæki innblástur til ISIS og Al-Qaeda skapi, nú sem fyrr, mestu hættuna í Noregi. Í landinu öllu sé að finna hópa og net stuðningsmanna íslamskra öfgasamtaka. Líkt og í Danmörku er það mat norsku sérfræðinganna að einstaklingar og hópar með lítil samfélagstengsl í Noregi séu í mestri hættu hvað varðar áróður og hvatning hryðjuverkamanna. Hryðjuverk á Vesturlöndum geti orðið til þess að hættustigið verði hækkað í Noregi þó svo ekki sé unnt, fyrr en annað kemur í ljós, að yfirfæra þróun og stöðu í öðrum Evrópuríkjum á Noreg. Norðmenn nota ekki kvarða til að lýsa hættustigi vegna hryðjuverkaógnar.

Svíþjóð

Í Svíþjóð er einnig starfrækt Miðstöð vegna mats á hryðjuverkaógn (Nationellt centrum för terrorhotbedömning, NCT) sem heyrir undir öryggislögregluna, SÄPO. Þar starfa sérfræðingar frá öryggislögreglunni, fjarskiptadeild hersins og leyni- og öryggisþjónustu hersins.

Í ársmati NCT fyrir 2016 segir að Svíþjóð sé mögulegt skotmark íslamskra vígamanna og kunni viðkomandi jafnt að búa í landinu sem erlendis. Líkt og sérfræðingar Dana og Norðmanna telur NCT að í landinu sé að finna einstaklinga sem búi yfir getu og ásetningi til að fremja hryðjuverk. Líkast til sé þar um fáa einstaklinga að ræða og að líklega beri að líta svo á að hryðjuverkamenn leggi meiri áherslu á ódæðisverk í öðrum ríkjum Evrópu en í Svíþjóð. Þá er sem fyrr horft til þeirra ríkja sem taka beinan þátt í loftárásum undir forystu Bandaríkjanna á stöðvar ISIS í Sýrlandi. Ógnin í Svíþjóð stafi einkum af öfgafullum súnnískum íslamistum sem sækja innblástur til eða lúti stjórn samtaka á borð við ISIS og Al-Qaeda. Svíar hækkuðu ógnarstig vegna hryðjuverka um eitt þrep haustið 2015 en lækkuðu aftur í marsmánuði 2016. Hættustig í Svíþjóð er nú „hækkað“ (s. Förhöjt hot) sem er þriðja þrep á fimm stiga kvarða.

Í mati NCT fyrir 2017 er hættustigi haldið óbreyttu. Áréttað er að í Svíþjóð sé að finna fáeina einstaklinga sem búi yfir getu og ásetningi til að fremja hryðjuverk þar. Nú sem fyrr stafi einkum ógn af einstaklingum sem séu innblásnir af áróðri ISIS og Al-Qaeda fremur en að þeir lúti stjórn slíkra hryðjuverkasamtaka. NCT segir að á árinu 2017 muni ISIS áfram verða megin ógnin gagnvart sænska ríkinu.

NCT segir að dregið hafi úr ferðum sænskra borgara sem halda til Sýrlands í því skyni að berjast með hryðjuverkasamtökum á borð við ISIS. Lokist leiðin til Sýrlands í gegnum Tyrkland alveg kunni enn frekar að draga úr slíkum ferðum. Flestir þeir sem héldu til bardagasvæðanna í Sýrlandi og Írak á síðasta ári gengu til liðs við ný samtök sem kallast Jabhat Fatah al-Sham en báru áður nafnið Jabhat al-Nusra og tengdust Al-Qaeda. NCT tekur einnig fram að ISIS-samtökin hafi misst stjórn á hluta af yfirráðasvæðum sínum og sætt stöðugum árásum. Ennfremur hafi margir háttsettir leiðtogar samtakanna verið drepnir. Markmið samtakanna sé hins vegar óbreytt; að treysta kalífadæmið í sessi og stækka það.

NCT segir árásum til stuðnings ISIS í Evrópu hafi stöðugt fjölgað frá 2014 þegar samtökin hvöttu stuðningsmenn sína til að fremja árásir í heimalöndum sínum. Flestar árásir ársins 2016 hafi verið gerðar með fremur einföldum aðferðum þar sem skot- eða eggvopnum var beitt. Notkun stórra flutningabíla sýni á hinn bóginn að hægt sé að valda miklum skaða með frekar einföldum aðferðum og búnaði.

Finnland

Síðasta ógnarmat finnsku öryggislögreglunnar, SUPO, er frá því í nóvember 2015. Þar kemur fram að hættustig vegna hryðjuverkaógnar hefur verið hækkað úr *mjög lágu* í *lágt*. Niðurstöður þessa ógnarmats eru mjög í takt við þær sem hér hafa verið teknar til umfjöllunar.

Ógn af völdum íslamskra hryðjuverkamanna er sögð fara vaxandi í Finnlandi sem annars staðar í Evrópu. Einstaklingar og öfgafullir smáhópar séu líklegastir til að

fremja hryðjuverk í nafni öfgafullrar hugmyndafræði herskárna íslamista. Í Finnlandi sem annars staðar reyni áróðursmenn hryðjuverkasamtaka að fá fólk til liðs við þau og hvetji til óhæfuverka. SUPO telur líklegt að stuðningshópar íslamista eflist og vekur athygli á þeim möguleika að slíkir hópar gangist sjálfir fyrir hryðjuverkum öðlist þeir nægan styrk. Í Finnlandi er talið að um 300 manns tengist íslamskri öfgahyggju.

Erlendir vígamenn

Í skýrslu greiningardeildar frá 2015 er að finna ítarlega kafla um erlenda vígamenn og þátttöku þeirra í átökum í Mið-Austurlöndum. Talið er að um 5.000 Vesturlandabúar hafi á síðustu árum gengið til liðs við hryðjuverkasamtök, einkum í Írak og Sírylandi. Öryggisstofnanir í mörgum ríkjum Evrópu hafa lýst áhyggjum vegna þeirrar ógnar sem stafa kunnir af heimkomnum vígamönnum. Mennt þessir hafi hlotið þjálfun og reynslu af þátttöku í bardögum og orðið vitni að eða verið þátttakendur í hryðjuverkum. Þá sé vitað að einhverjir erlendu liðsmannanna hafi kerfisbundið sætt sálrænni meðferð/heilaþvotti til að fá viðkomandi til að framkvæma áætlanir hryðjuverkasamtaka ýmist undir beinni stjórn þeirra eða sjálfstætt.

Nú þykir þessi ógn hafa raungerst. Þannig liggur fyrir að flestir þeirra sem tóku þátt í hryðjuverkunum í Frakklandi 2015 voru heimsnúnir vígamenn frá áttakavæðum. Í ógnarmati Evrópulögreglunnar segir að samtök á borð við Ríki íslam og Al-Nusra hafi án nokkurs vafa „aðgang að“ evrópskum ríkisborgurum sem tilbúnir eru til að fremja sjálfsmorðsárásir í álfunni. Eins og áður hefur verið vikið að nýta samtökin sér allar þær leiðir sem færar eru í því skyni að ná til nýrra stuðningsmanna og hvetja til ódæðisverka. Samfélagsmiðlar og internet gegna þar veigamiklu hlutverki.

Talið er að alls hafi um 31.000 manns frá 86 ríkjum haldið til liðs við ISIS og aðra hópa í Írak og Sírylandi. Samkvæmt skýrslu Alþjóðamiðstöðvar um hryðjuverkavarnir (International Center for Counter-Terrorism) sem er í Haag í Hollandi er talið að um 30% erlendra vígamanna hafi snúið heim (apríl 2016). 14% eru talin hafa látið lífið í Írak eða Sírylandi. Um 17% af heildarfjöldanum eru talin vera konur og trúskiptingar 6-23%.

Í skýrslu Europol frá nóvember 2016 sem fjallar um breytingar á aðferðum Íslamska ríkisins segir að nokkrar leyniþjónustustofnanir í Evrópu telji að nokkrir tugir manna sem lúta stjórn ISIS kunnir nú að halda til í Evrópu og búi yfir getu til að fremja hryðjuverkaárás. Jafnframt séu fyrir hendi vísbendingar um að ISIS hafi frá árinu 2013 undirbúið hryðjuverk í Evrópu.

Líkt og sagði að framan hallar nú undan fæti hjá liðsmönnum Ríkis íslam jafnt í Írak sem Sírylandi. Mikið mannfall hefur orðið í loftárásum og samtökin ráða yfir sífellt minna landsvæði. Tekist hefur víða að hefta birgða-, flóttá- og flutningaleiðir og ekki

leikur vafi á að samtökin eru nú mun veikari á þessum slóðum en á undanliðnum tveimur árum eða svo.

Fyrirliggjandi upplýsingar eru allar á þann veg að stórlega hafi dregið úr ferðum erlendra vígamanna til Mið-Austurlanda sem veikt hefur samtökin enn frekar og gert hefur leiðtogum erfiðara en áður að halda því fram að þeir fari fyrir nýju íslömsku kalífadæmi. Ríki íslam náði undir sig stóru landssvæði með undraverðum hraða en nú virðist hilla undir endalok þess.

Sérfræðingar Evrópulögreglunnar sem og á Norðurlöndum eru sammála um að mikil og viðvarandi hryðjuverkaógn sé til staðar í álfunni. Áhyggjur fara vaxandi af því að mikill fjöldi vígamanna afráði að snúa heim og evrópskar öryggisstofnanir hafi ekki bolmagn til að bregðast við mögulegum afleiðingum þess. Eins og áður, er talið að þær þjóðir sem þátt taka í aðgerðum gegn samtökunum í Mið-Austurlöndum séu í mestri hættu hvað hryðjuverk varðar.

Í fyrrnefndri skýrslu dönsku greiningarmiðstöðvarinnar, CTA, segir að 135 manns, hið minnsta, hafi haldið frá Danmörku til Sírylands og Íraks frá árinu 2012. Flestir þeirra eru ungir súnní-múslimar, og danskir ríkisborgarar. Rétt um helmingur þessara manna hafði tengst glæpastarfsemi áður en þeir héldu af landi brott. Um 10% þeirra 135 sem héldu til Mið-Austurlanda í nafni ISIS eru talin vera konur og fjölgaði þeim hlutfallslega á síðustu tveimur árum eða svo.

CTA telur að rétt tæpur helmingur þessa fjölda haldi nú til í Danmörku þ.e.a.s. hafi snúið aftur, tæpur fjórðungur sé enn á átakasvæðum og um fjórðungur hafi fallið þar í bardögum/loftárásum.

CTA telur að dvöl með hryðjuverkamönnum á átakasvæðum sem og þátttaka í bardögum og þjálfun geti orðið til þess að auka getu heimsnúinna vígamanna til að fremja hryðjuverk. Jafnframt kunni þessir menn að hafa hlotið þjálfun í ýmsu sem lýtur að öryggi þeirra sem geti gert yfirvöldum erfitt að afhjúpa gjörðir þeirra eða áform.

Viðkomandi geti ýmist sjálfir og óstuddir gengist fyrir hryðjuverk í Danmörku eða tekið þátt í flóknari árás með þátttöku fleiri ódæðismanna. Einnig sé hugsanlegt að íslamskir öfgamenn sendi beinlínis einstaklinga til Danmerkur í því skyni að fremja þar árás. CTA telur að árásirnar í París í nóvember 2015 og í Brussel í mars 2016 séu dæmi um slíkar árásir og hið sama geti gerst í Danmörku.

Sagt er að vopn séu auðfengin í Danmörku þ.e. hnífar, skammbyssur, íkveikjusprengjur og heimagerðar sprengjur. Ekki sé þörf á mikilli skipulagningu áður en hryðjuverk er framið.

CTA telur að heimsnúnir vígamenn auki ógn hvað varðar einfaldar en mjög afdrifaríkar hryðjuverkaárásir sem og röð árása einstaklinga eða hópa.

Mat PST í Noregi er mjög á sama veg. Stofnunin telur heimsnúna vígamenn vera öryggisógn. Í upphafi árs 2016 var það mat PST að rúmlega 40 norskir ríkisborgarar hefðu gerst vígamenn í Sírlandi og Írak og þá einkum undir merkjum ISIS. Í þeim hópi eru einnig nokkrar konur sem talið er að taki ekki virkan þátt í bardögum en standi fyrir öfgafullum áróðri sem beint er að konum í Noregi. Árið 2016 var vitað um 30 einstaklinga sem snúið höfðu aftur til Noregs eftir að hafa tekið þátt í starfsemi og bardögum ISIS. Talið er að 17 norskir ríkisborgarar hið minnsta hafi verið drepnir í Sírlandi og Írak.

PST lítur svo á að þeir vígamenn sem snúa aftur heim hafi ekki nauðsynlega allir einsett sér að fremja þar hryðjuverk. Heimsnúnir vígamenn geta einnig talist öryggisógn með því móti að þeir miðli öfgafullum áróðri og skoðunum til fólks í Noregi eða freisti þess að fá aðra til að fremja árásir þar í landi. Jafnframt er bent á að í ferðum sínum hafi norskir vígamenn komist í kynni við alþjóðlega hryðjuverkamenn sem hafi uppi áform um árásir á Vesturlöndum. Í Noregi hafa nokkrir heimsnúnir vígamenn verið dæmdir fyrir þátttöku sína í hryðjuverkastarfsemi erlendis. Þrátt fyrir dóma sem þessa telur norska öryggislögreglan takmarkaðan fælingarmátt felast í þeim.

Sænska greiningarmiðstöðin NCT telur enn fremur líklegt að reynsla heimsnúinna vígmanna geri þá tilbúnari en ella til að fremja stórfelld ofbeldisverk. Þeir hafi barist í vopnuðum átökum, framið morð og tekið þátt í aftökum. Litið er svo á að hugsanlega stafi ógn af þeim vígamönnum sem snúa heim. Í stefnu sænskra stjórnvalda varðandi hryðjuverkavarnir segir að fjöldi heimsnúinna vígmanna feli í sér að þeim fjölgi í landinu sem hafi getu til að framkvæma árásir eða annars konar glæpaverk af hugmyndafræðilegum ástæðum. Engu að síður stafi ekki ógn af meirihluta þeirra sem snúa heim (skýrsla sænska dómismálaráðuneytisins frá 2015).

Finnska öryggisþjónustan SUPO segir að talsverður fjöldi Finna hafi gerst liðsmenn ISIS og snúið heim. Stofnunin bendir á að sökum þess að Finnar hafi gerst liðsmenn ISIS hafi þekking samtakanna á Finnlandi aukist. Talið er að um 35 finnskir vígamenn dveljist enn á átakasvæðunum og alls hafi 70 hið minnsta gengið til liðs við ISIS. Flestir þeirra eru fæddir í Finnlandi eða hafa búið þar frá barnæsku.

Fjöldi vígmanna sem snúa til heimkynna sinna eftir að hafa tekið þátt í bardögum og óhæfuverkum í Mið-Austurlöndum er í öllum þeim skýrslum sem hér hefur verið greint frá veigamikill þáttur þegar lagt er mat á hryðjuverkaógn.

Óreglulegir fólksflutningar

Í heiminum er nú að finna rúmlega 21 milljón flóttamanna samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna. Talið er að um 40% þeirra haldi til í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku.

Áætlað er að um 11 milljónir manna hafi flúið heimili sín í Sýrlandi frá því að átök blossuðu þar upp í marsmánuði 2011. Embættismenn Flóttamannahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) telja að um 4,8 milljónir manna hafa flúið land, flestir til Tyrklands, Líbanon, Jórdaníu, Egyptalands og Írak. Rúmlega sex milljónir manna haldi því enn til í Sýrlandi eftir að hafa neyðst til að yfirgefa heimili sín.

Um ein milljón sýrlenskra flóttamanna hefur farið fram á alþjóðlega vernd í Evrópu. Flestir eru þeir um 300.000 í Þýskalandi og 100.000 í Svíþjóð. Árið 2015 kom rúmlega ein milljón flóttamanna sjóleiðina til Evrópu. Árið 2016 var þessi fjöldi 361.709 manns skv. UNHCR.

Þessi mikli flóttamannastraumur hefur mjög reynt á móttökukerfi og innviði í mörgum Evrópuríkjum. Jafnframt hafa áhyggjur aukist af því að hryðjuverkasamtök nýti sér skipulögð glæpasamtök í því skyni að koma liðsmönnum sínum til Evrópu líkt og algengt er að flóttafólk frá Mið-Austurlöndum geri. Fréttir hafa borist af yfirlýsingum liðsmanna Ríkis íslam þess efnis að þeir ýmist hyggist eða hafi nú þegar smyglað hryðjuverkamönnum inn í Evrópu undir því yfirskini að þar fari flóttamenn. Philip Breedlove, þáverandi yfirhershöfðingi Evrópuherstjórnar Atlantshafsbandalagsins (NATO), sagði í marsmánuði 2016 að hryðjuverkamenn nýttu sér flóttamannastrauminn til að leyna ferðum sínum. Þessu hafa mannréttindasamtök í Evrópu t.a.m. Human Rights Watch mótmælt með þeim orðum að yfirgnæfandi meirihluti flóttamanna óski aðeins verndar og hafi engin áform uppi um illvirki í álfunni. Nærtækara sé að lýsa mögulegri ógn af þessum toga sem „nálum í heysátu“ þar sem því verði ekki á móti mælt að hættulegir einstaklingar geti leynst í hópi flóttamanna.

Í skýrslu Evrópulögreglunnar, TE-SAT 2016, er vikið að óreglulegum fólksflutningum (e. irregular migration). Þar segir að ekki séu fyrirliggjandi ótvíræðar sannanir fyrir því að hryðjuverkasamtök nýti sér skipulega flóttamannastrauminn í því skyni að koma liðsmönnum sínum til Evrópu. Hins vegar séu fyrir hendi nokkur tilvik þar sem hryðjuverkamenn hafa sannanlega notfært sér straum flóttamanna til álfunnar. Því til staðfestingar er bent á að tveir hryðjuverkamennanna sem tóku þátt í árásinni 13. nóvember 2015 í París komust til Evrópu í hópi flóttamanna frá Sýrlandi. Jafnframt hafi vaknað grunur um að hryðjuverkamenn hafi nýtt sér fölsuð skilríki. Í skýrslunni segir einnig að íslamskir áróðursmenn muni leggja sérstaka áherslu á að áróður þeirra nái til sýrlenskra flóttamanna í Evrópu. Telur Europol því að sýrlenskir súnnímúslimar séu í sérstakri hættu þegar áróður öfgamanna er annars vegar.

Danska greiningarmiðstöðin, CTA, segir í skýrslu sinni frá 2016: „CTA telur að Íslamska ríkið og aðrir hópar vopnaðra öfgamanna geti notað straum flóttamanna og farandfólks (e. refugees and migrants) til að senda menn til Evrópu í þeim tilgangi að fremja hryðjuverk. Það er mat CTA að þessir hópar búi yfir getu til að falska ferðaskilríki eða útvega þau með ólögætum hætti sem gerir þeim kleift að ferðast á þægilegri og öruggari máta. Þessu til viðbótar telur CTA þann möguleika fyrir hendi að einstaklingar sem aðhyllast eða kunna að verða fyrir áhrifum af öfgafullri hugmyndafræði kunni að leynast meðal þeirra flóttamanna og farandfólks sem kemur til Evrópu án þess þó að viðkomandi tengist beint herskáum hópum íslamista.“

Norska öryggislögreglan, PST, telur í ógnarmati sínu frá 2016 að til skemmri tíma litið hafi hælisleitendur með tengsl við öfgafulla íslamska hugmyndafræði óveruleg áhrif á ógnarmyndina í Noregi og gagnvart norskum hagsmunum. PST segir að ekki liggi fyrir vísbendingar þess efnis að hópar á borð við Ríki íslam og Al-Qaeda hafi nýtt sér norska hæliskerfið í því skyni að senda fólk gagnert í þeim tilgangi að fremja ofbeldisverk í Noregi. Þessi staða geti hins vegar breyst í samræmi við þá stefnu og aðferðafræði sem ISIS og Al-Qaeda kjósi að nota. „Til lengri tíma litið kann áróður og öfgahyggja íslamskra hryðjuverkamanna gagnvart hælisleitendum að hafa umtalsverð áhrif á ógnarmyndina.“

Í skýrslu PST um bakgrunn íslamskra öfgamanna í Noregi sem gefin var út í september 2016 kemur fram að til lengri tíma litið kunni ógnarmyndin í Noregi að breytast á verri veg í ljósi þess að fjöldi manna með norskan bakgrunn hafi ferðast til útlanda í nafni hins heilaga stríðs (jihad). Reynslan frá Bretlandi kenni að slíkir menn geti reynst áhrifamiklir með tilliti til áróðurs gagnvart þeim múslimum sem í Noregi búa. Enn verði ekki séð að þetta hafi gerst í Noregi en slíkt sé hugsanlegt til lengri tíma litið. Í sömu skýrslu kemur fram að það hafi jákvæð áhrif á ógnarmyndina að dregið hafi úr ferðalögum norskra íslamista til Mið-Austurlanda.

Í hættumati sænsku öryggislögreglunnar frá 2016 kemur fram að Ríki íslam telst helsti áhrifavaldur þegar horft er til áróðurs öfgafullra íslamista gagnvart múslimum í landinu. Ljóst sé að sýnileiki samtakanna í fjölmiðlum og landvinningar hafi orðið til þess að fjölga stuðningsmönnum öfgafullrar íslamskrar hugmyndafræði í Svíþjóð á síðustu árum.

Mikill fjöldi flóttafólks hefur leitað eftir alþjóðlegri vernd í Svíþjóð á síðustu árum. Eftir gríðarlega fjölgun árið 2015 hefur nú dregið mjög úr þeim fjölda. Sumarið 2016 voru samþykktar lagabreytingar sem fela í sér ýmsar takmarkanir á réttindum hælisleitenda hvað varðar sameiningu fjölskyldna og uppihald eftir höfnun umsókna. Mikill meirihluti þeirra sem leita eftir alþjóðlegri vernd í Svíþjóð koma frá átakasvæðum í Mið-Austurlöndum.

Í mati finnsku öryggislögreglunnar, SUPO, segir að mikill fjöldi hælisleitenda hafi komið til Finnlands frá ríkjum þar sem hryðjuverkamenn og -samtök taki þátt í átökum. Vitað sé að einstaklingar sem komið hafi til Finnlands í hópi hælisleitenda tengist vígahópum á átakasvæðum.

Á Norðurlöndum telja öryggisþjónustur að átök erlendis geti orðið til þess að skapa spennu í samskiptum hinna ýmsu hópa innflytjenda og er þá horft til trúarbragða, uppruna og stjórn mála. Sænska öryggislögreglan tiltekur sérstaklega Sýrland, Írak, Sómalíu og Afganistan. Danska öryggislögreglan bendir á að flóttamönnum og farandfólki geti stafað ógn af hægri-öfgasinum sem kunni að kalla fram viðbrögð af hálfu íslamista og vinstri-öfgasinna. Finnska öryggislögreglan tiltekur að átökin í Írak og Sýrlandi hafi skapað spennu innan samfélags innflytjenda í Finnlandi sökum þeirra ágreiningsefna sem koma upp vegna stuðnings við mismunandi hreyfingar á átakasvæðunum.

Hryðjuverkaógn á Íslandi

Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á mögulegri hryðjuverkaógn á Íslandi hefur ekki tekið miklum breytingum frá í skýrslunni sem gefin var út í febrúarmánuði 2015.

Hættustig telst áfram í meðallagi.

Hættustig byggir á mati á ógn sem talin er geta stafað af mannavöldum. Skilgreiningar hættustiga á Íslandi eru eftirfarandi:

- **Hættustig er lágt:** Ekki eru fyrirbyggjandi sérstakar upplýsingar um hættu á hryðjuverkum né almennt talin sérstök ástæða til að auka viðbúnað lögreglu.
- **Hættustig er í meðallagi:** Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsmálum.
- **Hættustig er hátt:** Talið er að hætta á hryðjuverkum geti verið fyrir hendi í ljósi ástands innanlands eða í heimsmálum.
- **Hættustig er hæst:** Upplýsingar eru fyrirbyggjandi um að hryðjuverk sé í undirbúningi eða talin er mikil hætta á því.

Hryðjuverkaógnin er hvorki bundin við lönd né heimshluta og telst viðvarandi. Ísland tilheyrir Vesturlöndum og er þátttakandi í varnarsamstarfi NATO. Óráðlegt er að ganga að því sem vísu að öfgamenn geri greinarmun á Íslendingum og öðrum vestrænum þjóðum þótt Íslendingar séu herlausir og taki ekki beinan þátt í aðgerðum gegn hryðjuverkasamtökum í Mið-Austurlöndum.

Hættustig vegna aðgerða hryðjuverkamanna gegn ákveðnum skotmörkum eða viðburðum á Íslandi var fram til ársins 2015 metið lágt. Hættustig á Íslandi var áður sambærilegt við það sem gildi á hinum Norðurlöndunum en líkt og fram kemur hér á undan eru aðstæður, viðbúnaður og skilgreiningar hættustiga mismunandi á Norðurlöndum nú um stundir. Á síðustu árum hefur mat manna á stöðunni á hinum Norðurlöndunum tekið breytingum, hryðjuverkaógnin aukist og hættustig verið hækkað.

Ekki er þó með þessu sagt að ógnarmyndin á Íslandi sé hin sama og á öðrum Norðurlöndum líkt og glögglega kemur fram í þessari skýrslu. Þar ræður mestu að ekki er vitað til þess að menn hafi haldið héðan gagngert til að taka þátt í átökum hryðjuverkasamtaka á borð við Ríki íslam í Mið-Austurlöndum. Af sjálfu leiðir að þar með skapast ekki sú ógn sem talin er ríkja á öðrum Norðurlöndum sökum heimsnúinna vígamanna. Þetta á ekki einungis við um þá beinu ógn sem af viðkomandi stafar heldur ekki síður getu heimsnúinna vígamanna til að hafa áhrif, einkum á unga múslimska karlmenn, í því skyni að fá þá til að ganga til liðs við málstað öfgasamtaka.

Á öðrum Norðurlöndum er vitað að þaðan hafa fjölmargir menn haldið til Mið-Austurlanda, tekið þar þátt í átökum og snúið heim eins og rakið hefur verið. Í öllum nágrannaríkjunum búa yfirvöld yfir upplýsingum um einstaklinga og hópa sem teljast til herskárra íslamista eða aðhyllast öfgafulla hugmyndafræði. Lögreglu er ekki kunnugt um að á Íslandi hafi myndast hópar eða samfélög sem aðhyllast herskáan íslamisma eða annars konar ofbeldisfulla öfgahyggju.

Hryðjuverk hafa verið framin í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og fjöldadráp í Finnlandi. Menn hafa hlotið fangelsisdóma fyrir hryðjuverk og hryðjuverkatengda starfsemi. Eðlilegt er að þessi reynsla setji mark sitt á ógnarmat viðkomandi ríkis.

Þá má nefna þá sérstöðu meðal Norðurlanda sem felst í landfræðilegri einangrun Íslands og fáum inngönguleiðum og þá staðreynd að Íslendingar hafa, einir Norðurlandþjóða, ekki tekið beinan þátt í aðgerðum bandamanna gegn Ríki íslam í Írak og Sýrlandi.

Frá árinu 2015 hefur mikil breyting átt sér stað á Íslandi hvað varðar fjölgun umsókna um alþjóðlega vernd. Líkt og bent var á að framan, einkum í köflum um hryðjuverkaógn á Norðurlöndum og óreglulega fólksflutninga, telja norrænar öryggisstofnanir almennt að mikill straumur flóttamanna til Evrópu skapi aukna óvissu á sviði öryggismála. Evrópulögreglan segir hins vegar að ekki séu fyrir hendi ótvíræðar sannanir þess efnis að hryðjuverkasamtök noti sér flóttamannastrauminn með skipulegum hætti. Norska öryggislögreglan segir ekki vísbendingar um að hryðjuverkasamtök misnoti hæliskerfið í því skyni að senda fólk gagngert til Noregs

til að fremja þar ofbeldisverk. Engu að síður sé sá möguleiki fyrir hendi að hryðjuverkamenn reyni að komast frá Mið-Austurlöndum með því að nýta sér flóttamannastrauminn. Þá er einnig talið afar líklegt að hryðjuverkasamtök nýti skipulögð glæpasamtök til að falska skilríki í því skyni að koma vígamönnum og öðrum stuðningsmönnum til Evrópu.

Þó ekki liggi fyrir ótvíræðar sannanir þess efnis að hryðjuverkasamtök nýti sér flóttamannastrauminn og hæliskerfi landa með skipulögðum hætti þá eru þekkt einstök tilvik þar sem hryðjuverkamenn hafa nýtt sér flóttamannastrauminn.

Greiningardeild hefur upplýsingar um að frá árinu 2015 hafi einstaklingar með tengsl við hryðjuverkasamtök komið hingað til lands og óskað eftir alþjóðlegri vernd.

Erlendir sérfræðingar nefna þann möguleika að hryðjuverkasamtök leitist við að telja flóttafólk/hælisleitendur á sitt band. Í þýskum heimildum kemur fram að einhver dæmi þessa þekkist en tæpast sé við því að búast að slík innræting höfði almennt til flóttafólks og þá ekki síst í ljósi þess að flest hafi það yfirgefið heimalandið vegna hryðjuverkastarfsemi hópa á borð við Ríki íslam. Ekkert bendi til þess að þessari viðleitni ISIS og hugsanlega annarra hópa sé miðstýrt í Þýskalandi sem, líkt og áður hefur komið fram, hefur tekið við flestum flóttamönnum frá Mið-Austurlöndum.

Samsetning þess hóps sem sækir um alþjóðlega vernd á Íslandi er önnur en á öðrum Norðurlöndum. Þar er flóttafólk frá Mið-Austurlöndum (Sýrlandi, Írak og Afganistan) stærsti hópurinn. Á Íslandi eru flestir þeirra sem leita alþjóðlegrar verndar frá löndum þar sem friður ríkir, einkum Balkan-skaga. Stjórnvöld á Norðurlöndum hafa á síðustu árum flokkað ríki Balkan-skaga sem örugg ríki og hefur í kjölfarið dregið mjög úr hælissúmsóknum fólks frá þeim löndum. Kann það að skýra þann mun sem er á þjóðerni hælisleitenda á Íslandi og hinum Norðurlöndunum.

Árið 2016 komu 1.133 hælisleitendur til Íslands samkvæmt upplýsingum flugstöðvardeildar lögreglunnar á Suðurnesjum og var það mikil fjölgun frá árinu á undan þegar 354 leituðu hælís á Íslandi. Alls leituðu um 800 manns frá löndum Evrópu hælís á Íslandi 2016, flestir frá Makedóníu (467) og Albaníu (236). Ennfremur varð marktæk aukning í fjölda Georgíumanna sem leituðu hælís á Íslandi (42 árið 2016 en sex árið 2015).

Hælisleitendum frá átakasvæðum fer einnig fjölgandi á Íslandi og skýrist það einkum af hinum mikla fólksflótta frá stríðshráðum ríkjum Mið-Austurlanda. Þannig leituðu hér á landi verndar 74 Írakar árið 2016 en þeir voru 28 árið áður. Afgönnum og Sýrlendingum fjölgaði sömuleiðis. Hælisleitendum frá öðrum spennu- eða átakasvæðum fjölgaði einnig á liðnu ári. Alls leituðu verndar 23 Sómalar borið saman

við sex árið á undan. Svipaða sögu er að segja af hælisleitendum frá Nígeríu; þeir voru 20 árið 2016 en sex árið 2015.

Vegna ráðstafana stjórnvalda er fyrir séð að draga muni úr fjölda hælisleitenda frá ríkjum Balkan-skaga. Hins vegar er talið líklegt að hælisleitendum sem synjað hefur verið um alþjóðlega vernd í öðrum ríkjum Evrópu muni fjölga á Íslandi á næstu misserum og gætir þessarar þróunar nú þegar.

Stuðningur við starfsemi hryðjuverkasamtaka og vígahópa er ekki bundinn við þjóðir og lönd þar sem átök fara fram og á það m.a. við um skilríkjafalsanir, vopnasmygl og fjármögnun.

Líkt og fram kom í kafla um óregulega fólksflutninga telur lögregla á Norðurlöndum ástæðu til að óttast áhrif átaka og atvika erlendis á samfélög flóttamanna og farandfólks. Því fólki kunni að stafa ógn af andstæðingum fjölmenningar og þekkt er frá Norðurlöndum að ráðist hafi verið gegn bústöðum flóttafólks. Jafnframt telur greiningardeild að huga beri að mögulegum neikvæðum áhrifum þess á einstaklinga og hópa að búa við langvarandi óvissu og þröngan kost.

Í skýrslu greiningardeildar frá 2015 kemur fram að fyrir liggi staðfestar upplýsingar um að vígamenn frá Norður-Ameríku hafi farið um Ísland á leið sinni til og frá þátttöku í átökum í Mið-Austurlöndum í nafni Ríkis íslam. Í skýrslunni sagði að ástæða væri til að ætla að slíkt „gegnumstreymi“ myndi halda áfram og eru fyrir hendi vísbendingar um að sú hafi orðið raunin. Frá útgáfu skýrslunnar hafa komið upp nokkur tilvik þar sem grunsemdir um ferðalög vígamanna hafa vaknað. Líkt og bent var á í skýrslunni 2015 þarf slíkt „gegnumstreymi“ ekki nauðsynlega að fela í sér aukna hættu á að hryðjuverk verði framið á Íslandi en varðar þjóðréttarlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa gengist undir í því skyni að hefta ferðalög hryðjuverkamanna.

Í Áhættumatsskýrslu fyrir Ísland: Hnattraenir, samfélagslegir og hernaðarlegir þættir sem þverfaglegur hópur tók saman (útg. utanríkisráðuneytið, mars 2009) er vikið að alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga og mögulegum áhættuþáttum. Þar segir: „Ísland virðist ekki ofarlega á dagskrá hryðjuverkasamtaka. Hins vegar kynnu hryðjuverkamenn að nota landið sem griðastað. Einnig þarf að hafa í huga að aðeins þarf lítinn hóp öfgamanna til að valda miklum skaða. Af áhættuþáttum má nefna þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi; hryðjuverkamenn kynnu t.d. að beina sjónum að Íslandi vegna þátttökunnar í NATO eða vegna tengsla íslenskra stjórnvalda við þjóðarleiðtoga og erlend fyrirtæki. Sendifulltrúar sumra erlendra ríkja á Íslandi eða alþjóðlegir fundir eða ráðstefnur kunna einnig að draga að sér athygli þeirra,“ (bls. 74).

Í skýrslunni er ennfremur vikið að þeim möguleika að hryðjuverkamenn telji að hér á landi sé að finna veikleika í hryðjuverkavörnum vestrænna ríkja. Í skýrslunni segir: „Jafnvel þótt ríki á borð við Ísland teljist fremur ólíklegt skotmark og hér sé ekki frjór jarðvegur fyrir öfgasamtök kunna hryðjuverkamenn að leita hér að veikleika í öryggisviðbúnaði vestrænna ríkja. Þetta á ekki aðeins við um aðgerðir sem beinast að stofnunum eða starfsemi hér innanlands eða á nálægum hafsvæðum heldur einnig um undirbúning að hryðjuverkum í öðrum ríkjum vestan hafs eða austan,“ (bls.77).

Skýrslunni lýkur með eftirfarandi ábendingum (bls. 78):

- Taka þarf á Íslandi mið af þeim viðbúnaði við hryðjuverkum sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum
- Veita þarf lögregluþyriföldum sambærilegar heimildir á sviði hryðjuverkavarna og gert er í nágrannaríkjum, en jafnframt að tryggja fullt eftirlit Alþingis og dómstóla með slíkum heimildum.
- Varnir gegn öfga- og hryðjuverkastarfsemi geta ekki takmarkast við öflugri viðbúnað lögreglu, heldur verða þær líka að byggjast á stefnu í málefnum nýrra Íslendinga og flóttamanna sem tryggir jafnvægi í samfélaginu og auðveldar aðlögun nýrra borgara að því.

Í byrjun árs 2017 ríkir mikil óvissa um rás atburða í Mið-Austurlöndum. Er þá einkum átt við viðbrögð Ríkis íslam og stuðningsmanna í Evrópu, tapi samtökin yfirráðum sínum í Írak og Sýrlandi á næstu misserum. Líklegt er talið að Ríki íslam muni bregðast við mótlæti á vígvöllum Mið-Austurlanda með hertum árásum í Evrópu. Þá kann að vera að forusta samtakanna ákveði að koma sér fyrir í öðrum ríkjum og halda áfram baráttu sinni á nýjum vígstöðvum.

Hryðjuverkaógn í Evrópu stafar einkum, en ekki einvörðungu, af öfgafullum íslamistum. Hún einskorðast ekki við þjóðerni og tilteknir þjóðfélagshópar verða ekki gerðir ábyrgir fyrir gjörðum einstaklinga sem tilheyra þeim. Skotmörk og aðferðir hryðjuverkamanna taka breytingum og starfsemi þeirra virðir engin landamæri. Alþjóðlegt samstarf verður æ mikilvægara gegn hryðjuverkaógninni sem ekkert vestrænt ríki getur talist óhult fyrir.